



26. febrúar 2020

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8–10,
150 Reykjavík.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um varnir gegn hagsmunaárekstrum hjá æðstu handhöfum framkvæmdarvalds í Stjórnarráði Íslands, 523. mál.

Síðfræðistofnun fagnar framkomnu frumvarpi til laga um varnir gegn hagsmunaárekstrum. Með frumvarpinu er að verulegu leyti komið til móts við tillögur starfshóps forsætisráðherra um eflingu trausts á stjórnámálum og stjórnsýslu sem og tilmæli alþjóðastofnana um endurbætur á regluverki til varnar spillingu.

Síðfræðistofnun vekur þó athygli á eftirtöldum atriðum:

1. Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir viðurlögum við rangri eða ófullnægjandi upplýsingagjöf. Í skýrslu starfshóps forsætisráðherra um eflingu trausts á stjórnámálum og stjórnsýslu [bls. 41] er m.a. vísað í úttektarskýrslur GRECO til íslenskra stjórnvalda og áréttað að „ef reglur af þessu tagi eigi að virka þurfi menn að horfast í augu við afleiðingar, formlegar eða óformlegar, ef þeim er ekki fylgt.“ Það er umhugsunarefni hvort lög um varnir gegn hagsmunaárekstrum eigi ekki að fela í sér ákvæði um viðurlög.
2. Í skýrslu starfshóps forsætisráðherra er lögð áhersla á að eftirlit með hagsmunaskráningu verði að vera virkt. Samkvæmt 6. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að ráðgjöf og eftirlit verði í höndum forsætisráðherra. Ljóst er að álitamál sem upp kunna að koma geta í mörgum tilvikum snúið að nánnum samstarfsmönnum ráðherra. Því er vert að spyrja hvort heppilegra væri að sjálfstæður aðili, t.d. Ríkisendurskoðun eða Umboðsmaður Alþingis, annist eftirlit með framkvæmd laganna. Þessi spurning verður þeim mun áleitnari ef gert verður ráð fyrir viðurlögum við rangri upplýsingagjöf. Þá skal á það bent að skv. norskum lögum hefur sérstök stjórnsýslunefnd það hlutverk að hafa eftirlit með starfsvali stjórnámalamanna og embættismanna eftir að opinberum störfum líkur.
3. Undir e lið 3. mgr. 2. greinar frumvarpsins er kveðið á um að ekki verði skylt að tilkynna um gjafir, hlunnindi eða fríðindi að verðmæti undir 50.000 kr. Hér verður ekki tekin afstaða til þess hvað eigi að teljast viðeigandi hámarksupphæð slíkra gjafa heldur einungis bent á að frumvarpið tekur ekki á þeim möguleika að embættismenn geti á ákveðnu tímabili tekið við endurteknum gjöfum, frá sömu eða tengdum aðilum, sem geta verið umtalsverðar þegar þær eru teknar saman.



4. Í greinargerð með 5. gr. frumvarpsins er útskýrt að reglur um biðtíma uns æðstu handhafar framkvæmdarvalds megi taka að sér störf sem hagsmunaverðir eigi ekki við um aðstoðarmenn ráðherra. Ekki er ljóst á hvaða forsendum þessi undantekning er gerð enda virðast sömu sjónarmið eiga við um aðstoðarmenn, þ.e.a.s. þeir gegni áhrifastöðu og hafi aðgang að verðmætum upplýsingum.

Af greinargerð með frumvarpinu má ráða að með því séu tekin mikilvæg en varfærin fyrstu skref, en að reglur um varnir gegn hagsmunaárekstrum kunni að taka breytingum þegar fram í sækir og reynsla er komin á framkvæmd þeirra. Sé það ætlunin að þróa löggjöfina í öruggum skrefum mætti e.t.v. gera ráð fyrir þau verði tekin til endurskoðunar að tilteknum tíma liðnum.

Fyrir hönd Siðfræðistofnunar,

Virðingarfyllst,

Páll Rafnar Þorsteinsson,
verkefnastjóri